

Samkvæmt framanskráðu verður frávisunarkrafa stefnda tekin til greina. Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu. Finnboji H. Alexandersson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.  
Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 25. mars 1988.

Nr. 153/1987. **Örn Bragason**

(Skúli Pálsson hrl.)

gegn

**Þrotabúi Hafskips hf.**

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

Vinnusamningur. Uppsagnarfrestur. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma Guðmundur Skaftason hæstaréttardómari og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. maí 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 30. apríl s.á. samkvæmt b-lið 2. tölul. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, sbr. 3. mgr. 96. gr. laga nr. 3/1878. Hann krefst þess að honum verði greiddar úr þrotabúi Hafskips hf. sem vangreidd forgangskrafa aðallega 237.883,00 krónur og til vara 165.270,00 krónur, en til þrautavara 101.415,00 krónur, í hverju tilviki að frádregnum 80.978,00 krónum. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Eru efniskröfur hans hinar sömu og hafðar voru uppi í héraði að því frá-töldu, að fallið er frá kröfu um greiðslu þóknunar vegna kröfulýs-ingar í þrotabúið, 1.140,00 króna.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Kröfur áfrýjanda eru til komnar vegna slita á ráðningarsamningi hans við Hafskip hf. á grundvelli uppsagnar af hálfu hins síðarnefnda, sem aðilar eru sammála um að tekið hafi gildi 6. desember 1985, sama dag og bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta. Eru þær raktar sundurliðaðar í hinum áfrýjaða úrskurði. Ágreiningur aðila fyrir Hæstarétti beinist aðeins að þremur þáttum krafanna, en stefndi hefur ekki gagnáfrýjað málinu.

## I.

Í kjarasamningi þeim, sem í gildi var við uppsögn á starfi áfrýjanda, var svo ákveðið að uppsagnarfrestur skyldi fara eftir lögum, nánar tiltekið 13. gr. sjómannalaga nr. 67/1963. Er ágreiningslaust, að sú tilvísun eigi hér við 2. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, er tóku gildi í júlí 1985. Fallast ber á það með héraðsdómara, að lögum nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla hafi ekki verið ætlað að koma fram breytingu á sjómannalögum, og breytingar á þágildandi sjómannalögum, er gerðar voru í tilefni af þeim með lögum nr. 49/1980, tóku ekki til áðurnefndrar 13. gr. um uppsagnarfrest. Ber með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar að staðfesta þá niðurstöðu, að uppsagnarfresti gagnvart áfrýjanda og ráðningartíma hans hafi lokið hinn 6. mars 1986.

## II.

Framangreind ráðningarslit voru í samræmi við 2. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sbr. og kjarasamning Stýrimannafélags Íslands við Hafskip hf. o.fl., grein 4.2.1. Ráðningarsamningi áfrýjanda var þannig löglega sagt upp af hálfu Hafskips hf.

Í 27. gr. sjómannalaga er svo mælt að skipverji taki kaup til þess dags og að honum meðtöldum er ráðningu hans lýkur samkvæmt ráðningar- eða kjarasamningi og skipti þá ekki máli þótt hann hafi áður verið afskráður. Ber áfrýjanda þannig til og með 6. mars 1986 allt það kaup sem fylgdi stöðu hans sem annars stýrimanns, enda mátti hann vænta þess að halda óskertum ráðningarkjörum eins og þau eru ákveðin í framangreindum kjarasamningi, þótt hann hætti störfum áður en uppsagnarfrestur var úti.

Biðkaup það, sem gert er ráð fyrir í 7. kafla kjarasamnings aðila og nánar er skilgreint í grein 7.1.1., er sett með þá sérstöku hagsmuni starfsmanns og atvinnurekanda í huga, sem á reynir þegar hlé verður á verkefnum, og eru gagnkvæmir að því leyti sem þeir horfa til að styrkja áframhaldandi vinnusamband þeirra á milli. Það er því annars eðlis en kaup sem atvinnurekanda ber að greiða á uppsagnarfresti skv. 27. gr. og verður ekki við það miðað í þessu máli. Þá þykja ákvæði 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga um laun í veikindaforföllum ekki eiga við um áfrýjanda.

Ber samkvæmt framansögðu að taka kröfu áfrýjanda til greina eins og síðar verður rakið.

### III.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar þykir eftir atvikum mega staðfesta niðurstöðu hans um skuldajöfnuð gagnvart kröfum áfrýjanda í máli þessu á kröfu stefnda vegna kaupa hans á hlutabréfum í hinu gjaldþrota félagi.

### IV.

Kröfur sínar um greiðslu kaups á uppsagnarfresti hefur áfrýjandi miðað við 87 yfirvinnutíma á mánuði, og telur það byggt á reynslu um yfirvinnu stýrimanna á farskipum Hafskips hf. Hefur sá tímafjöldi ekki sætt tölulegum mótmælum, og er ekki ástæða til eftir atvikum að leita annarrar viðmiðunar. Þá þykir áfrýjandi eiga rétt á fæðispeningum í orlofi samkvæmt grein 12.1.3. í kjarasamningi.

Samkvæmt því og með vísan til framanritaðs verða kröfur áfrýjanda teknar til greina með þessum hætti, miðað við tímabilið 1. janúar - 6. mars 1986 og við laun 2. stýrimanns, og viðurkenndar sem forgangskröfur í þrotabú stefnda:

Dæmt í héraði	kr.	10.222,60
Yfirvinna, 188 tímar á kr. 266,59	kr.	50.118,90
Sama, orlofsfé 10,17%	kr.	5.097,10
Fæðispeningar í orlofi, 5,2 dagar	kr.	1.106,00
Samtals	kr.	66.544,60

Eins og málið liggur fyrir Hæstarétti er ekki ágreiningur um það, að tildæmda greiðslu til áfrýjanda beri að viðurkenna sem forgangs-

kröfu á grundvelli 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878, sbr. lög nr. 23/1979, og er sú niðurstaða héraðsdómara staðfest.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma áfrýjanda málskostnað úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst 75.000,00 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Viðurkennd er vangreidd forgangskrafa áfrýjanda, Arnar Bragasonar, á hendur stefnda, þrotabúi Hafskips hf., að fjárhæð 66.544,60 krónur.

Stefndi greiði áfrýjanda 75.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### S é r a t k v æ ð i

##### Hjartar Torfasonar, setts hæstaréttardómara.

Í 2. mgr. 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 sagði að skipverji tæki kaup til þess tíma er starfa hans lyki á skipi eða til afskráningardags. Var eðlilegt að skilja það svo, að laun til skipverja eftir þetta tímamark, sem hann kynni að eiga rétt til samkvæmt lögnum eða ákvæðum ráðningar- eða kjarasamnings. yrðu greidd eftir þeim heimildum án sérstaks stuðnings í þessu ákvæði. Með lögum nr. 49/1980 var nefndri 2. mgr. 18. gr. breytt í það horf, sem nú er á fyrri málslið 2. mgr. 27. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Þegar titið er til skýringa með frumvarpi til breytingarlaganna og orðalags hins nýja ákvæðis virðist breytingunni hafa verið ætlað að girða fyrir, að rétti til kaups eftir brottför af skipi eða afskráningu yrði raskað vegna misskilnings eða misbeitingar á fyrra orðalagi og því tíma- mark, sem það var bundið við. Jafnframt má líta á breytinguna sem viðbrögð við því, hve algengt er að ráða menn til útgerðar fremur en á tiltekið skip. Á hinn bóginn er ekki ljóst að ætlunin hafi verið að breyta því, að laun eða launaígildi vegna uppsagnarfrests eða hluta af honum, sem ekki er lokið þegar skipverji fer í land eða lætur af vinnu, geti þurft að meta með eigin hætti.

Efnislega er um það deilt í þessum þætti málsins, hvort reikna skuli með yfirvinnu við ákvörðun launa eða launaígildis til áfrýjanda á uppsagnarfresti hans eftir 1. janúar 1986. Upplýst er að greiðslur fyrir yfirvinnu voru verulegur og venjulegur þáttur í

launum stýrimanna á farskipum Hafskips hf., og þykir ekki varhugavert að taka tilliti til þeirra eftir þeim tímafjölda, sem tilgreindur er í kröfugerð áfrýjanda.

Um það er ekki deilt í málinu, hvort taka þurfi tillit til annarra atvinnutekna áfrýjanda á því tímabili, sem laun til hans vegna uppsagnarfrests eru við miðuð.

Með þessum athugasemdum er ég sammála atkvæði meirihluta dómenda um kaup á uppsagnarfresti, sem og forsendum þeirra og niðurstöðum að öðru leyti.

### Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 26. janúar 1987.

#### I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 16. janúar 1987.

Sóknaraðili, Örn Bragason, nafnúmer 9909-9038, Vesturbergi 78, Reykjavík, krefst þess að viðurkennd verði forgangskrafa hans á hendur varnaraðila, aðallega að fjárhæð kr. 239.023,00, til vara að fjárhæð kr. 166.410,00, en til þrautavara að fjárhæð kr. 102.555,00, í öllum tilvikum að frádregnum kr. 80.978,00. Sóknaraðili hefur ennfremur krafist þess að skuldajafnaðarkröfum varnaraðila, sem síðar er getið, verði hafnað. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila, en til vara krefst hann þess að málskostnaður verði felldur niður í máli þessu.

Varnaraðili, þrotabú Hafskips hf., krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað að teknu tilliti til þess að þegar hafi verið viðurkennd forgangskrafa sóknaraðila á hendur varnaraðila að fjárhæð kr. 84.167,00, sem sóknaraðili hafi fengið greiddar kr. 80.978,00 af. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila sem ákveðinn verði í samræmi við gjaldskrá LMFÍ.

#### II.

Aðdragandi að máli þessu er sá að bú Hafskips hf., Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, Reykjavík, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum þann 6. desember 1985. Sama dag voru ráðnir þrír bústjórar til bráðabirgða að búinu, lögmennirnir Gestur Jónsson, Jóhann H. Nielsson og Viðar Már Matthíasson. Innköllun til skuldheimtumanna var gefin út þann 27. desember 1985 og birtist hún fyrri sinni í Lögbirtingablaði sem út kom 15. janúar 1986. Var kröfulýsingarfrestur ákveðinn 4 mánuðir samkvæmt heimild í 3. mgr. 19. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 1. gr. laga nr. 98/1985, og lauk honum því þann 15. maí 1986.

Ágreiningur er ekki með málsaðiljum um málavexti, en fram hefur komið í málinu að sóknaraðili hafi starfað hjá Hafskipi hf. frá 14. nóvember 1978 og var sagt upp störfum með ábyrgðarbréfi, sem dagsett var 29. nóvember 1985. Ekki liggur fyrir hvenær bréf þetta barst sóknaraðila, en aðilar eru sammála um að miða við það í máli þessu að sóknaraðila hafi orðið kunnugt um uppsögn ráðningarsamningsins sama dag og bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta, 6. desember 1985. Við uppsögn gegndi sóknaraðili starfi stýrimanns á farskipi í eigu hins gjaldþrota félags. Fékk hann greidd laun til enda desembermánaðar 1985 frá varnaraðila.

Ágreiningsefni þessa máls varða tilkall sóknaraðila til greiðslna úr hendi varnaraðila vegna uppsagnar ráðningarsamnings fyrir tímabilið frá 1. janúar 1986 að telja, en jafnframt er deilt um það hvort varnaraðila sé heimilt að greiða hluta viðurkenndra krafna sóknaraðila með skuldajöfnuði við ógreiddar eftirstöðvar hlutfjárloforðs sóknaraðila til hins gjaldþrota félags með vöxtum eins og síðar verður lýst.

Með bréfi dagsettu 26. febrúar 1986 lýsti lögmaður sóknaraðila kröfum hans af áður nefndu tilefni í þrotabú Hafskips hf., sem hann krafðist viðurkenningar forgangsréttar fyrir. Samkvæmt kröfulýsingu og fylgigögnum hennar voru þær svofelldar:

*Aðalkrafa:*

Vangreitt frá fyrra ári: Orlof:	kr. 4.257,00	
Fæðispeningar í 31 dag á		
kr. 212,68	<u>kr. 6.593,00</u>	kr. 10.850,00

Laun í uppsagnarfresti:

Samtals vegna janúar og mars 1986, miðað við laun 2. stýrimanns:		
Dagvinna í 44 daga á		
kr. 1.625,92:	kr. 71.540,00	
Yfirvinna í 174 stundir á		
kr. 266,59:	kr. 46.386,00	
2 neyslufrið dagar á kr. 1.625,92:	kr. 3.252,00	
Fæðispeningar í 62 daga á		
kr. 212,68:	kr. 13.186,00	
Fæðispeningar í orlofi, 5,2 dagar á sömu fjárhæð:	kr. 1.106,00	
Orlof:	<u>kr. 13.386,00</u>	kr. 148.856,00

Vegna febrúar 1986, miðað við		
laun 1. stýrimanns:		
Dagvinna í 20 daga á		
kr. 1.831,18:	kr.	36.624,00
Yfirvinna í 87 stundir á		
kr. 300,24:	kr.	26.121,00
1 neyslufriðagur:	kr.	1.831,00
Fæðispeningar í 28 daga á		
kr. 212,68:	kr.	5.955,00
Fæðispeningar í orlofi,		
2,5 dagar á sömu fjárhæð:	kr.	532,00
Orlof:	kr.	7.114,00
		kr. 78.177,00
		<u>kr. 237.883,00</u>

Við bætist þóknun vegna kröfu- lýsingar:	kr.	1.140,00
Samtals:	kr.	<u>239.023,00</u>

*Varakrafa:*

Vangreitt frá fyrra ári, sundur- liðað með sama hætti og í aðal- kröfu:	kr.	10.850,00
---	-----	-----------

Laun í uppsagnarfresti:		
Vegna janúar 1986, miðað við		
laun 2. stýrimanns:		
Dagvinna í 23 daga á		
kr. 1.625,92:	kr.	37.396,00
Yfirvinna í 87 stundir á		
kr. 266,59:	kr.	23.193,00
1 neyslufriðagur:	kr.	1.626,00
Fæðispeningar í 31 dag á		
kr. 212,68:	kr.	6.593,00
Fæðispeningar í orlofi, 2,6 dagar		
á sömu fjárhæð:	kr.	553,00
Orlof:	kr.	6.882,00
		kr. 76.243,00
		<u>kr. 76.243,00</u>

Vegna febrúar 1986, sundurliðað með sama hætti og í aðalkröfu:	kr.	78.177,00
		<u>kr. 165.270,00</u>

Við bætist þóknun vegna kröf- lýsingar:	kr. 1.140,00
Samtals:	kr. 166.410,00

*Þrautavarakrafa:*

Vangreitt frá fyrra ári, sundur- liðað með sama hætti og í aðal- kröfu:	kr. 10.850,00
---	---------------

## Laun í uppsagnarfresti:

Samtals fyrir janúar og febrúar  
1986, miðað við laun 2. stýri-  
manns:

Dagvinna í 43 daga á	
kr. 1.625,92:	kr. 69.914,00
Fæðispeningar í 59 daga á	
kr. 212,68:	kr. 12.548,00
Orlof:	kr. 8.103,00
	<u>kr. 90.565,00</u>
	kr. 101.415,00

Við bætist þóknun vegna kröfu- lýsingar:	kr. 1.140,00
Samtals:	kr. 102.555,00

Þann 25. apríl 1986 tilkynntu bústjórar til bráðabirgða í þrotabúinu lögmanni sóknaraðila um afstöðu þeirra til viðurkenningar kröfunnar. Reyndist vera reiknivilla í tilkynningu þessari, sem leiðrétt var eftir ábendingu viðtakanda hennar, og var hin leiðréttá afstaða til kröfunnar eftir-  
farandi:

*Viðurkennt sem forgangskrafa:*

Ógreitt sumarleyfi í árslok 1985:	kr. 4.257,00
-----------------------------------	--------------

Laun í uppsagnarfresti fyrir tíma-  
bilið 1/1 til 6/3 1986:

Dagvinna í 47 daga á	
kr. 1.625,92:	kr. 76.418,24
Orlof, 11.59% af ofangreindu:	kr. 8.856,86
	<u>kr. 85.275,10</u>
	kr. 89.532,10

Frádráttur:	
Vegna lífeyrissjóðsiðgjalda:	kr. 2.362,06
Vegna félagsgjalda:	kr. 826,72 < kr. 3.188,78 >
	<hr/>
Samtals viðurkennt sem forgangskrafa:	kr. 86.343,32

*Viðurkennt sem almenn krafa:*

Fæðispeningar fyrir tímabilið 1/1 til 6/3 1986, 65 dagar á	
kr. 212,70:	kr. 13.825,50
Ógreiddir fæðispeningar í árslok 1985:	kr. 6.593,00
	<hr/>
Samtals viðurkennt sem almenn krafa:	kr. 20.418,50

Frá viðurkenndum fjárhæðum var dregin gagnkrafa á hendur sóknaraðila:

Ógreiddar eftirstöðvar hlutafjárloforðs:	kr. 18.750,00
Vextir af sama:	kr. 7.033,15    kr. 25.783,15
	<hr/>

Með gagnkröfunni taldist viðurkennd almenn krafa sóknaraðila að fullu greidd, en eftirstöðvar hennar látnar koma til frádráttar viðurkenndri forgangskröfu á eftirfarandi hátt:

Viðurkennd forgangskrafa:	kr. 86.343,32
Eftirstöðvar gagnkröfu;	
25.783,15 - 20.418,50:	< kr. 5.364,65 >
	<hr/>
Eftirstöðvar forgangskröfu:	kr. 80.978,67

Þá var þeirri afstöðu lýst til kröfu sóknaraðila um þóknun fyrir ritun kröfulýsingar að viðurkenna ætti þann kröfulið sem eftirstæða kröfu.

Í skrá um lýstar kröfur í þrotabúið, sem bústjórar gerðu samkvæmt 1. tl. 108. gr. laga nr. 6/1978 og dagsett er þann 11. júní 1986, lýstu þeir afstöðu sinni til viðurkenningar kröfu sóknaraðila á þann hátt, að þeir teldu að viðurkenna ætti hana með kr. 80.978,00 sem forgangskröfu.

Á skiptafundi í þrotabúinu, sem haldinn var þann 20. júní 1986 til umfjöllunar um lýstar kröfur, var framangreindri afstöðu bústjóra til kröfu sóknaraðila mótmælt af hans hálfu. Samkvæmt fyrirmælum 2. tl. 110. gr. laga nr. 6/1978 var á ný fjallað um kröfu þessa á skiptafundi sem haldinn var 3. júlí 1986. Kom þar fram af hálfu skiptastjóra í þrotabúinu, sem þá höfðu verið kjörnir hinir sömu og áður gegndu hlutverki bústjóra til bráðabirgða, að þeir héldu fast við fyrri afstöðu til kröfu sóknaraðila, sem hann felldi sig ekki við. Var því ákveðinn rekstur þessa máls til úrlausnar um ágreining þeirra, og var það þingfest 12. september 1986.

Lögmaður sóknaraðila fékk þann 26. júní 1986 kr. 80.978,00 frá varnaraðila til greiðslu þess hluta upphaflegrar kröfu hans, sem viðurkenndur hafði verið sem forgangskrafa. Var við þeirri greiðslu tekið með áskilnaði um þær kröfur sem hafðar eru uppi í máli þessu.

Varnaraðili hefur í greinargerð sinni í máli þessu viðurkennt forgangsrétt sóknaraðila til greiðslu á kr. 3.189,00 umfram það, sem áður hafði verið viðurkennt, en þar er um að ræða þá fjárhæð, sem varnaraðili taldi í upphafi að ætti að draga frá forgangskröfu sóknaraðila vegna lífeyrissjóðs-  
iðgjalda og stéttarfélagsgjalda.

#### IV.

Ágreiningur milli aðilja máls þessa felst í eftirfarandi fimm atriðum:

1) Hvort uppsagnarfresti sóknaraðila hafi lokið 6. mars 1986 eða þann 31. sama mánaðar. Stendur ágreiningur þessi um það, hvort uppsögn miðist við mánaðamót, eins og sóknaraðili heldur fram, eða almanaksdag, eins og varnaraðili heldur fram.

2) Hver fjárhæð uppsagnarlauna skuli vera, nánar tiltekið hvort miða eigi við svokölluð „staðgengilslaun“ eða „biðlaun“. Varnaraðili hefur enn fremur mótmælt að kröfur sóknaraðila vegna febrúarmánaðar 1986 verði miðaðar við laun 1. stýrimanns, auk þess að hann telur þann yfirvinnu-  
stundafjölda órökstuddan, sem sóknaraðili krefst greiðslu fyrir á öllu uppsagnartímabilinu. Að öðru leyti er ekki ágreiningur um að aðal- og varakröfur sóknaraðila séu réttilega fram settar, ef hann telst eiga tilkall til svonefndra staðgengilslauna í uppsagnarfresti.

3) Hvort kröfur sóknaraðila um fæðispeninga eigi að telja til forgangskrafna eða almennra krafna við búskiptin.

4) Hvort varnaraðila sé heimilt að skuldajafna ógreiddu hlutfjárloforði sóknaraðila til hins gjaldþrota félags við kröfur hans og hvort reikna megi vexti af höfuðstól þeirrar skuldar.

5) Hvort krafa sóknaraðila um þóknun fyrir ritun kröfulýsingar fylgi kröfum hans að öðru leyti í skuldaröð, eða hvort sá liður kröfunnar teljist eftirstæð krafa við búskiptin samkvæmt 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878.

Verður nú gerð grein fyrir málsástæðum og lagarökum málsaðilja varðandi hvert ofangreindra ágreiningsefna, í sömu röð og þau hafa nú verið talin.

1) Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram að uppsögn hans úr starfi beri að miða við mánaðamót. Með því að málsaðiljar hafi orðið samdóma um að miða við að uppsögn hafi sannanlega verið komin til sóknaraðila þann 6. desember 1985, telur sóknaraðili að þriggja mánaða uppsagnarfrestur hans byrji fyrst að líða um næstu mánaðamót þar á eftir, og eigi hann því rétt til greiðslna í uppsagnarfresti til 31. mars 1986.

Byggir sóknaraðili í þessu sambandi á því, að það sé föst venja á vinnu- markaði og meginregla í vinnurétti að uppsögn fastráðinna starfsmanna eigi að miða við mánaðamót. Eigi þetta sérstaklega við um þá sem taki mánaðarlausn, eins og sóknaraðili gerði. Telur sóknaraðili að annar háttur yrði til að skapa ringulreið á vinnu- markaði og yrði til þess að óviðunandi ó- öryggi hlytist af fyrir launþega. Tilgangur uppsagnarfrests sé að gefa launþega tækifæri til að leita sér nýrrar atvinnu. Vegna venja á vinnu- markaði sé almennt ekki að fá nýja atvinnu nema frá mánaðamótum, sem sóknaraðili telur styðja enn frekar þessi viðhorf sín.

Visar sóknaraðili til þess að umrædd meginregla komi fram í 6. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1979, auk þess að á henni sé oftast byggt í kjarasamningum. Í kjarasamningi Stýrimannafélags Íslands við hið gjaldþrota félag hafi ákvæði sem þetta að visu ekki verið tekið upp, heldur vitnað til ákvæða sjómannalaga um þetta atriði. Skýrir sóknaraðili þessa tilvísun á þann veg að báðir aðiljar kjarasamningsins hafi eflaust talið reglur sjómannalaga fela í sér að uppsögn bæri að miða við mánaðamót. Telur hann það styðja þessa skýringu að forráðamenn Hafskips hf. hafi sýnilega leitast við að koma uppsögnum á framfæri fyrir mánaðamót nóvember og desember 1985, þótt það hafi ekki tekist. Þá hefur af hálfu sóknaraðila sérstaklega verið bent á að ekki megi leggja að jöfnu ráðningarkjör fiskimanna við kjör farmanna í þessu sambandi, þar sem ráðningartími hinna fyrrnefndu sé oft ákveðinn með öðrum hætti en hjá farmönnum, sem taki mánaðarlausn. Telur sóknaraðili af þeim sökum ótækt að byggja úrlausn þessa máls á dómafordæmum, sem varða uppsagnarfrest fiskimanna.

Af hálfu varnaraðila er byggt á því að uppsögn ráðningarsamnings sé ákvæði, sem leggi byrðar á viðtakanda hennar frá því hún kemur til hans. Af þessu leiði að þriggja mánaða uppsagnarfrestur sóknaraðila hafi byrjað að líða þegar þann 6. desember 1985. Ef önnur regla ætti að gilda, þyrfti hún að sækja stoð til sérlaga eða samninga, en varnaraðili telur slíkar heimildir ekki til staðar í tilvikum þessu.

Varnaraðili visar til þess að sjómannalög hafi verið ein fyrsta löggjöfin sem fjallað hafi um réttindi launþega. Í nokkrum sérlögum öðrum sé einnig

að finna reglur um þau efni. Hvergi sé í slíkum lögum vikið að því að uppsagnarfrestur skuli miðast við heilan mánuð, nema í 6. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1979, þar sem er að finna undantekningarreglu sem mælir fyrir um frávik frá almennum reglum um áhrif ákvaða varðandi uppsagnarfrest handa verkafólki. Þau lög taki hins vegar ekki til annarra starfsstétta og feli ekki í sér almenna reglu eða staðfestingu á tilvist venju í þeim efnum. Samsvarandi regla og þar kemur fram um upphaf áhrifa uppsagnar finnist hvorki í sjómannalögum né í kjarasamningi þeim sem tekur til ráðningarkjara sóknaraðila. Mótmælir varnaraðili því sérstaklega að það geti haft þýðingu í máli þessu þótt aðiljar að þeim kjarasamningi hafi staðið í þeirri trú að tilvísun hans til ákvæða sjómannalaga um uppsagnarfrest hafi átt að leiða til annarrar niðurstöðu. Telur varnaraðili það heldur ekki hafa þýðingu fyrir niðurstöðu þessa máls þótt sóknaraðili hafi tekið mánaðarlaun. Þá hefur af hálfu varnaraðila verið vísað til þess að dómaframkvæmd hafi samfellt verið með þeim hætti að byggt sé á að uppsagnarfrestur sjómanna miðist við almanaksdag, ekki heilan mánuð. Telur varnaraðili þau sjónarmið sóknaraðila röng að mismunandi reglur gildi um farmenn og fiskimenn í þessu tilliti.

2. Sóknaraðili miðar aðalkröfu sína við að honum beri full laun í uppsagnarfresti. Byggir hann á því að uppsagnarlaun eigi að miða við þau laun sem að jafnaði séu greidd í viðkomandi starfi, enda megi launþegi jafnan gera ráð fyrir að halda starfi sínu og starfskjörum til enda uppsagnarfrests. Bendir sóknaraðili á að ef Hafskip hf. hefði vikið honum fyrirvaralaust og án sakar úr starfi og félagið hefði haldið starfsemi sinni áfram eftir það, hefði hann átt tilkall til svonefndra staðgengilslauna, en með þeim sé átt við þau laun sem eftirmanni hans í starfi hefðu verið tryggð. Í þessu tilviki séu aðstæður hins vegar þær að bú vinnuveitandans var tekið til gjaldþrotaskipta og starfsemi hans hætt, þannig að ekki verður miðað við laun viðtakanda starfa sóknaraðila. Þess í stað megi meta tjón sóknaraðila með þeim hætti að taka tillit til þess hver kjör hans hafi áður verið hjá félaginu, sem hann kveður gert í þessum kröfulið hans, enda hefði hann mátt vænta óbreyttra kjara ef um áframhald starfa hefði verið að ræða.

Sóknaraðili telur þá niðurstöðu ótæka að ákvarða honum aðeins svonefnt biðkaup í uppsagnarfresti, eins og varnaraðili vilji gera. Um biðkaup sé að finna ákvæði í 7. kafla kjarasamnings Stýrimannafélags Íslands, en sú regla taki aðeins til þeirra tilvika þegar stýrimaður hafi látið af störfum á einu skipi en biði ráðningar á annað skip sömu útgerðar. Telur sóknaraðili að þessi regla komi ekki til álita við aðrar aðstæður, enda ljóst af fjölmörgum dómafordæmum að sjómönnum beri óskert laun í uppsagnarfresti. Yrði heldur ekki um það að ræða að hann fengi fullar bætur á tjóni sínu vegna ráðningarslitanna með þessum hætti.

Af hálfu sóknaraðila hefur því viðhorfi varnaraðila verið mótmælt að hann hefði getað efnt ráðningarsamning við sóknaraðila með því að greiða honum biðkaup til enda uppsagnarfrests. Fyrir liggir í málinu að skip hins gjaldþrota félags hafi verið seld 6. janúar 1986. Sú regla sé ótvíræð, að yfirmenn á skipi verði ekki gegn vilja sínum færðir á annað skip útgerðar eða knúnir til að taka við landvinnu. Við sölu skipa varnaraðila hafi því orðið ráðningarslit af hans hendi sem sóknaraðila beri bætur fyrir.

Af hálfu varnaraðila er á því byggt varðandi þennan þátt ágreinings að sóknaraðili hafi átt rétt til biðkaups samkvæmt 7. kafla kjarasamnings Stýrimannafélags Íslands í uppsagnarfresti. Sóknaraðili hafi sinnt störfum fyrir varnaraðila í desembermánuði 1985 og fengið greidd laun fyrir. Hins vegar hafi sóknaraðili ekki verið krafinn um vinnuframlag frá 1. janúar 1986, en varnaraðili telur að sér hefði þó verið heimilt með stoð í fyrrnefndum kafla kjarasamnings að halda uppi ráðningarsamningnum á sóknaraðila og getað efnt hann af sinni hendi með greiðslu biðkaups. Telur varnaraðili sóknaraðila því þegar hafa fengið fullnaðargreiðslur vegna ráðningarslitanna með viðurkenningu kröfu sem svari til biðkaups fyrir tímabilið frá 1. janúar til 6. mars 1986.

Varnaraðili hefur sérstaklega mótmælt sjónarmiðum sóknaraðila um að hann geti átt tilkall til bóta vegna ráðningarslita. Telur varnaraðili að sjómenn, að frátöldum skipstjórum, eigi ekki rétt til bóta vegna ráðningarslita, heldur til greiðslu á kaupum til enda ráðningartímans, eins og hann telur verða leitt af 1. mgr. 25. gr. laga nr. 35/1985. Réttarstaða sjómanna sé að þessu leyti frábrugðin því sem gildir um aðra launþega, enda þurfa þeir ekki að takmarka tjón sitt með því að reyna að afla tekna annars staðar, og þurfa heldur ekki að sæta frádrætti vegna launa sem þeim tekst að afla á uppsagnarfresti. Telur varnaraðili að með kaupum sé í þessu sambandi átt við biðkaup, eins og sóknaraðili hafi þegar fengið greitt til loka uppsagnarfrests.

Þá hefur varnaraðili haldið því fram að jafnvel þótt litið yrði svo á að sóknaraðili ætti rétt á bótum vegna ráðningarslita, sé ósannað að hann hafi orðið fyrir meira tjóni en hann hafi þegar fengið greiðslu fyrir.

Í aðal- og varakröfu hefur sóknaraðili reiknað umkrafin laun í uppsagnarfresti með þeim hætti að kröfur hans miðast við laun 2. stýrimanns, nema krafa vegna febrúarmánaðar 1986, sem hann miðar við laun 1. stýrimanns. Sérstakur röksúðningur fyrir þessu hefur ekki komið fram af hálfu sóknaraðila utan framlagðrar yfirlýsingar Stýrimannafélags Íslands, sem dagsett er 5. desember 1986. Er í yfirlýsingu þessari gerð nokkur grein fyrir útreikningsgrundvelli krafna félagsmanna á hendur varnaraðila, og segir eftirfarandi um það atriði sem hér á undan er nefnt:

„Að þeir sem voru fastir aðrir stýrimenn leystu 1. stýrimann af 1/3 af

tímanum. Þess ber að geta í þessu sambandi að ráðnir 1. stýrimenn hjá fyrirtækinu þegar það var tekið til gjaldþrotaskipta voru óeðlilega margir miðað við skipafjölda, þar sem Hafskip hf. hafði fækkað skipum á árinu 1985, en ekki sagt þeim upp stöðu sinni.

Voru þeim því reiknuð 1. stýrimannslaun þó þeir mundu hafa gengt (sic) stöðu 2. stýrimanns samkv. framanskráðu.“

Af hálfu varnaraðila er því ekki mótmælt að kröfur sóknaraðila séu réttléga reiknaðar að gefnum þessum forsendum, en því hefur hins vegar verið andmælt að krafa á þessum grundvelli fái staðist.

Þá hefur sóknaraðili byggt á því í aðal- og varakröfu, að hann eigi tilkall til greiðslu fyrir 87 yfirvinnustundir hvern mánuð uppsagnarfrests. Skýringar á því hvernig sá stundafjöldi er fundinn koma aðeins fram í áðurivitnaðri yfirlýsingu Stýrimannafélags Íslands, þar sem segir eftirfarandi um þetta:

„Eftir því sem næst verður komist var yfirvinna hverrar *stýrimannsstöðu* meðan Hafskip hf. var í rekstri (2 stm. á hverju skipi) 130 klst. á mánuði.

Af þessum tímafjölda fékk hver stýrimaður 87 tíma eða  $\frac{2}{3}$  heildartímafjöldans, þ.e. að hver maður væri í fríi einn mánuð en lögskráður 2 mánuði.“

Af hálfu varnaraðila hefur því verið mótmælt sem ósönnuðu að sóknaraðili eigi tilkall til þessa fjölda yfirvinnustunda, ef niðurstaða í máli þessu yrði sú að honum beri að fá svokölluð staðgengilslaun í uppsagnarfresti.

3) Kröfu sína um að fæðispeningar verði metnir forgangskrafa styður sóknaraðili þeim rökum, að þessi liður hafi verið hluti heildarlaunakjara hans hjá hinu gjaldþrota félagi, svo sem ljóst sé af kjarasamningi starfsstéttar hans. Fæðispeninga telur sóknaraðili sérstakan kaupauka, sem greiða ber þegar skip er í heimahöfn eða starfsmaður er í orlofi. Ætlunin með greiðslum þessum sé að bæta skipverja upp þá tekjuskerðingu, sem hann verður fyrir þegar hann nýtur ekki fæðis án endurgjalds um borð í skipi, og telur sóknaraðili að hér sé um hreinan launalið að ræða af þeim sökum. Bendir sóknaraðili sérstaklega á að heildarlaun starfsstéttar hans samanstandi af fjölda liða, sem meðal annars komi til greiðslu í formi hlunninda. Fæðispeningar séu þessu marki brenndir, enda metnir til tekna við skattlagningu á viðtakanda þeirra. Telur sóknaraðili því sýnt að hér sé um kröfu að ræða, sem falli undir skilgreiningu 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878 á forgangskröfum.

Af hálfu varnaraðila er því mótmælt að fæðispeningar verði taldir forgangskrafa í þrotabúi í skjóli 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878. Telur varnaraðili ljóst af grein 9.1.1. í kjarasamningi Stýrimannafélags Íslands að fæðispeningar séu endurgreiðsla á útlögðum kostnaði sem launþeginn verði fyrir ef hann nýtur ekki fæðis um borð í skipi. Í áðurivitnuðu ákvæði laga nr.

3/1878 sé mælt svo fyrir að laun njóti forgangsréttar við úthlutun úr búí, og telur varnaraðili að skýra verði þá reglu þröngt. Með launum sé átt við endurgjald fyrir vinnu, en ekki endurgreiðslu útlagðs fæðiskostnaðar. Þann grundvallarmun á þessu tvennu telur varnaraðili berlega koma fram í skattalegri meðferð fæðispeninga, og vísar í þeim efnum til 7. gr., liðar A.1., og 30. gr., liðar A.4., í lögum nr. 75/1981.

4) Varnaraðili hefur gert þá grein fyrir skuldajafnaðarkröfu sinni, að sóknaraðili hafi gefið hinu gjaldþrota félagi hlutafjárloforð við hlutafjár- aukningu, sem átti sér stað í kjölfar samþykktar hluthafafundar þann 9. febrúar 1985. Sóknaraðili hafi efnt það loforð þann 26. apríl 1985 með kaupum hlutafjár fyrir kr. 30.000,00, en umsamið hafi verið að fjárhæð þessi yrði dregin af launum sóknaraðila með jöfnum greiðslum á næstu 24 mánuðum, að fjárhæð kr. 1.250,00 hverju sinni. Hefur varnaraðili lagt fram ljósrit kvittunar hins gjaldþrota félags til sóknaraðila, sem gefin var áðurnefndan dag, en þar er greiðsluskilmála þessara getið. Varnaraðili kveður kr. 11.250,00 hafa verið dregnar af launum sóknaraðila samkvæmt umsömdum greiðslukjörum við 9 launaútborganir á tímabilinu frá maí 1985 til janúar 1986, og þá staðið eftir kr. 18.750,00 af skuldbindingu sóknaraðila. Varnaraðili segir sóknaraðila ekki hafa innt af hendi eða boðið fram umsamdar afborganir af skuldbindingunni eftir síðustu launaútborgun, og hafi varnaraðili því rift samningi þeirra um afborgunarkjör vegna vanefnda sóknaraðila og dregið eftirstöðvar skuldarinnar að fullu frá viðurkenndum kröfum hans á hendur þrotabúinu.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram að sóknaraðili hafi samþykkt þá greiðslutilhögun á skuldbindingunni að afborganir yrðu dregnar af launum með áðurnefndum hætti, og telur ekki skipta máli þótt sóknaraðili hafi ekki áritað áðurnefnda kvittun um samþykki sitt. Þótt ekki teldist sannað að sóknaraðili hafi berum orðum veitt samþykki fyrir þessu telur varnaraðili liggja fyrir með óbyggjandi hætti í málinu að afborganir hafi í reynd verið dregnar af launum sóknaraðila, og hann engum athugasemdum hreyft af því tilefni. Slíkar athugasemdir séu nú of seint fram komnar. Heldur varnaraðili því fram að gjaldþrot Hafskips hf. hafi engin áhrif haft á samninga félagsins við sóknaraðila um þessi efni, hvorki á sjálft hlutafjárloforð sóknaraðila né samþykki hans fyrir því að skuldbinding hans yrði greidd með launafrádrætti. Telur varnaraðili þannig fullnægt skilyrðum 1. mgr. 1. gr. laga nr. 28/1930 til skuldajafnaðar milli eftirstöðva hlutafjárloforðs sóknaraðila og krafna hans um laun í uppsagnarfresti.

Kröfu sína um vexti af eftirstöðvum hlutafjárloforðs sóknaraðila hefur varnaraðili skýrt á þann veg að á hluthafafundi sem samþykkti hlutafjár- aukningu og áður er getið, hafi verið ákveðið að nýtt hlutafé yrði greitt með vaxtalausum en verðtryggðum skuldabréfum til 5 ára. Fyrir liggir í mál-

inu að grunnvísitölu þeirra bréfa hafi átt að miða við lánskjaravísitölu febrúarmánaðar 1985. Telur varnaraðili ljóst af þessu að gjalddagi hlutafjárloforða í merkingu 1. mgr. 14. gr. laga nr. 32/1978 hafi verið á dagur, sem hlutafjárútboð var samþykkt, eða 9. febrúar 1985. Eigi þetta jafnt við, hvort sem þátttakendur í hlutafjárútboðinu hafi greitt skuldbindingar sínar með skuldabréfum eða í öðru formi, eins og gerst hafi í þessu tilviki. Í ívitnuðu lagaákvæði sé mælt fyrir um skyldu hluthafa til að greiða almenna sparisjóðsvexti af hlutafjárloforði, ef ekki er greitt á gjalddaga þess. Telur varnaraðili tilgang þeirrar reglu öðru fremur þann að ná jöfnuði milli einstakra þátttakenda í hlutafjárútboði, og að þeim tilgangi verði ekki náð, ef sóknaraðili kems<sup>a</sup> hjá greiðslu vaxta af hlutafjárloforði sínu. Umkrafaða vaxtafjárhæð kveðst varnaraðili hafa reiknað sem almenna sparisjóðsvexti af ógreiddum höfuðstól skuldar sóknaraðila, eins og hann hafi staðið hverju sinni frá 1. mars 1985 til 25. apríl 1986, þegar skuldin hafi greiðst með yfirlýsingu varnaraðila um skuldajöfnuð.

Af hálfu sóknaraðila hefur því ekki verið haldið fram að hlutafjárloforð hans sé ógilt eða niður fallið vegna gjaldþrots Hafskips hf. Því hefur hins vegar verið mótmælt að varnaraðila sé heimilt að taka sér greiðslu kröfunnar með skuldajöfnuði. Telur sóknaraðili ekkert liggja fyrir um að hann hafi samþykkt að afborganir af skuldbindingunni kæmu til greiðslu með launafrádrætti, enda hafi varnaraðili aðeins lagt fram einhliða kvittun hins gjaldþrota félags til stuðnings staðhæfingum sínum í þeim efnum. Þótt talið yrði að aðgerðarleysi sóknaraðila gagnvart launafrádrætti af þessum sökum hafi jafngilt samþykki, telur hann líkt samningsgildi hafa rofnað með sama hætti og vinnusamningur hans við hið gjaldþrota félag, og sé því óheimilt samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 28/1930 að beita skuldajöfnuði í þessu tilviki. Þá hefur sóknaraðili jafnframt bent á að hin sérstaka skuldajafnaðarregla 32. gr. laga nr. 6/1978 taki aðeins til heimildar lánardrottins til skuldajafnaðar, en ekki heimildar þrotabús í þeim efnum. Gildi þannig almennar reglur um heimild þrotabús til skuldajafnaðar við kröfu lánardrottins. Krafa varnaraðila á hendur sóknaraðila sé ekki samrætt kröfu sóknaraðila um laun í uppsagnarfresti, og telur hann þannig ekki fullnægt skilyrðum til skuldajafnaðar.

Af hálfu sóknaraðila hefur vaxtakröfu varnaraðila verið mótmælt. Hefur sóknaraðili vísað til þess að ekkert bendi til að hið gjaldþrota félag hafi ætlað að áskilja sér vexti af skuldbindingu hans, en gefið tilefni hafi verið til að slíkt kæmi fram þegar við ákvörðun greiðsluskilmála, ef félagið hefði talið efni standa til þess. Ef talið verður að varnaraðila sé heimilt að áskilja vexti af skuld þessari, hefur sóknaraðili sérstaklega mótmælt því að þeim vöxtum megi skuldajafna við kröfur hans, og hefur bent á að ekkert samþykki eða jafngildi þess hafi komið fram af hans hendi fyrir skuldajöfnuði þeirrar kröfu.

5) Ágreiningur málsaðilja um stöðu kröfu sóknaraðila um þóknun fyrir ritun kröfulýsingar í skuldaröð hefur ekki verið sérstaklega reifaður af þeirra hendi við rekstur málsins á annan veg en þann, að hvor þeirra hefur fyrir sitt leyti haldið fast við upphaflegar kröfur um það atriði.

## V.

Verður nú leyst úr einstökum ágreiningsefnum málsaðilja í sömu röð og þau hafa áður verið rakin.

### 1) Upphaf uppsagnarfrests:

Sóknaraðili byggir kröfur sínar í þessum þætti málsins á því, að föst venja sé á vinnumarkaði að uppsagnarfrest beri að miða við mánaðamót, auk þess að reglu þess efnis verði að telja meginreglu í vinnurétti, sem meðal annars komi fram í 6. mgr. 1. gr. nr. 19/1979.

Í lögum er ekki að finna almenna reglu um það, með hverjum hætti marka á upphaf uppsagnarfrests við slit ráðningarsamnings. Fyrirmæli 6. mgr. 1. gr. laga um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum ofl., nr. 19/1979, sem sóknaraðili hefur vitnað til og kveða á um að uppsagnarfrest skuli miða við mánaðamót, taka samkvæmt orðanna hljóðan aðeins til „verkfólks“, en það hugtak er ekki nánar skilgreint í þeim lögum. Eftir málvenju verður þó engan veginn séð að hugtak þetta geti tekið til sóknaraðila máls þessa, enda gilda lög nr. 35/1985 sérstaklega um lögákveðin réttindi hans. Þá verður að telja því slegið föstu, meðal annars með dómum Félagsdóms, uppkveðnum 7. ágúst 1980 og 21. desember 1984, að lög nr. 19/1979 feli ekki í sér almennar reglur um lögkjör annarra launþega en þeirra, sem þau taka beinlínis til eftir orðanna hljóðan. Reglu, sama efnis og 6. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1979, er ekki að finna í öðrum lögum um réttindi einstakra starfsstétta. Verður því ekki fallist á það með sóknaraðila að gildandi sé almenn lagaregla sem leiði til að uppsögn ráðningarsamnings hans hafi borið að miða við mánaðamót.

Í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 35/1985 segir það eitt um uppsögn skiprúms-samnings yfirmanna að sé ekki annað ákveðið í samningi skuli uppsagnarfrestur vera 3 mánuðir. Er ekki kveðið á um að uppsögn beri að miða við mánaðamót eða önnur tímamörk. Framlagður kjarasamningur Stýrimannafélags Íslands við viðsemjendur félagsins hefur aðeins að geyma tilvísun til ákvæða sjómanna laga varðandi réttindi við uppsögn ráðningarsamnings. Slík tilvísun þykir ekki verða skýrð á annan veg en þann, að um þetta atriði fari alfarið eftir rétttri skýringu ívitnaðra laga. Því hefur ekki verið haldið fram í málinu að sérsamningar hafi verið milli sóknaraðila og hins gjaldþrota félags um frávik frá almennum reglum laga og kjarasamnings um réttindi hans varðandi uppsögn ráðningarsamnings. Af þeim ástæðum verður ekki litið svo á að vikið hafi verið með samningi

frá almennri reglu 2. mgr. 9. gr. laga nr. 35/1985 um uppsagnarréttindi sóknaraðila.

Af hálfu sóknaraðila hefur verið staðhæft að sú almenna venja ríki á vinnumarkaði að uppsögn ráðningarsamnings eigi að miða við mánaðamót. Þessari staðhæfingu hefur verið mótmælt af hálfu varnaraðila. Sóknaraðili hefur engin gögn lagt fram til stuðnings þessari staðhæfingu, og verður ekki talinn hafa sýnt fram á tilvist venju í þessum efnum gegn andmælum varnaraðila.

Fallast ber á þau viðhorf varnaraðila að uppsögn ráðningarsamnings sé ákvöð sem hefur réttaráhrif frá því hún berst viðtakanda, ef upphaf réttaráhrifa hennar miðast ekki við önnur tímamörk samkvæmt lögum eða samningi. Samkvæmt því sem hér að framan hefur verið rakið þykja hvorki lög, samningar né venjur leiða til að frá þessari meginreglu hafi verið vikið varðandi rétt sóknaraðila til uppsagnarfrests. Af þeim ástæðum ber að líta svo á að uppsögn ráðningarsamnings hans miðist við 6. desember 1985, og að uppsagnarfresti hafi lokið að liðnum þremur mánuðum frá þeim degi að telja.

## 2) Fjárhæð uppsagnarlauna:

Ekki er ágreiningur með málsaðiljum um það að varnaraðili hafi vikið sóknaraðila úr starfi áður en ráðningartími hans var á enda, og að sóknaraðila beri greiðslur úr hendi varnaraðila af þeim sökum. Er jafnframt ágreiningslaust að sóknaraðili hafi þegar fengið fullnaðargreiðslu launa frá varnaraðila fyrir tímabilið frá 6. desember 1985 til loka þess árs. Ágreiningur er hins vegar uppi um það, til hverra greiðslna sóknaraðili verður talinn eiga tilkall vegna eftirstöðva ráðningartímabilsins, sem samkvæmt niðurstöðu næsta þáttar hér á undan teljast tímabilið frá 1. janúar til 6. mars 1986.

Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 35/1985 eiga yfirmenn á skipum, aðrir en skipstjóri, rétt á kaupum til enda ráðningartíma, þegar svo stendur á sem í máli þessu. Ágreiningur málsaðilja í þessum þætti málsins snýr einkum að því, hvernig skýra beri hugtakið „kaup“ í nefndu lagaákvæði.

Af hálfu sóknaraðila er aðalkrafa hans í þessum efnum byggð á þeim rökum, að með „kaupi“ sé átt við þau laun, sem að jafnaði séu greidd í viðkomandi starfi, enda hafi hann mátt ráðgera að halda óskertum ráðningarkjörum til loka uppsagnarfrests. Telur sóknaraðili sig því eiga rétt til svonefndra „staðgengilslauna“ til loka ráðningartímans. Af hálfu varnaraðila er því hins vegar haldið fram að sóknaraðila beri aðeins svonefnd „biðlaun“, sem hann kveður vera þau laun, sem honum hefði nægt að greiða sóknaraðila til loka ráðningartímans til fullra efnda ráðningarsamnings þeirra af sinni hálfu.

Um biðlaun eða biðkaup eru reglur í 7. kafla framlagðs kjarasamnings

Stýrimannafélags Íslands, sem tekur til ráðningarkjara sóknaraðila, og eru þær svohljóðandi, að því leyti sem þær þykja varða ágreiningsefni þessa máls:

„7.1.1. Sé stýrimaður ráðinn af einu skipi útgerðarinnar á annað, skal hann halda launum .... og fæðispeningum í biðtímanum. Sé stýrimaður utan heimilis síns, greiðist einnig húsnæði hans.

.....

7.1.5. Þegar stýrimaður er á biðkaupi er honum skylt, ef útgerð óskar þess, að taka að sér nám eða störf í landi hjá útgerðinni, sem eðlileg geta talist með tilliti til menntunar hans og reynslu.“

Í 1. mgr. 25. gr. laga nr. 35/1985 er mælt svo fyrir að skipverji eigi við óréttmæt ráðningarslit „rétt á kaup“ til enda ráðningartímans. Í 1. mgr. 36. gr. sömu laga er hins vegar að finna fyrirmæli um laun skipverja í veikindaförföllum, og er þar tekið svo til orða, að hann skuli „eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd“. Af samanburði þessara ákvæða má ljóst vera, að hugtakið „kaup“ í 1. mgr. 25. gr. nefndra laga samsvarar ekki þeirri viðmiðun sem á er byggt í 1. mgr. 36. gr. þeirra, og ráðgerir sýnilega að við ákvörðun launa beri að telja með allar þær viðbætur og álagsgreiðslur sem fjarverandi skipverji hefði unnið til með óskertu starfi. Þessi viðmiðun í 1. mgr. 36. gr. laganna sýnist í alla staði vera sú sem nefnd hefur verið í máli þessu „staðgengilslaun“.

Í áðurívitnuðum ákvæðum kjarasamnings Stýrimannafélags Íslands um „biðkaup“ er á því byggt að með greiðslum samkvæmt ákvæðinu teljist launþegi „halda launum“. Virðist og verða að skýra grein 7.1.5. í kjarasamningnum á þann veg, að útgerð geti innan tiltekinna marka krafist launþegann um að inna af hendi landvinnu gegn greiðslu „biðkaups“ án þess að til komi hinar ýmsu álags- og aukagreiðslur sem launþeginn gæti aflað sér með vinnu til sjós. Þykir samkvæmt þessu verða að leggja til grundvallar að laun, ákveðin eftir 7. kafla umrædds kjarasamnings, svari til þess „kaups“, sem 1. mgr. 25. gr. laga nr. 35/1985 mælir fyrir um að skipverji eigi tilkall til við óréttmæt ráðningarslit.

Af framangreindu leiðir að sóknaraðili telst eiga rétt til launa úr hendi varnaraðila til enda uppsagnarfrests sem reiknuð eru sem svonefnt „biðkaup“. Er ágreiningslaust í málinu að slík laun séu réttilega reiknuð sem dagvinnulaun, fæðispeningar og orlof. Kemur því ekki til frekari álita ágreiningur málsaðilja um þann yfirvinnustundafjölda, sem sóknaraðili kynni að hafa átt tilkall til ef honum bæru svonefnd staðgengilslaun í uppsagnarfresti. Hins vegar verður að leysa úr því hér hvort sóknaraðili geti gegn andmælum varnaraðila talist eiga rétt til að dagvinnulaun hans í uppsagnarfresti fyrir febrúarmánuð 1986 verði miðuð við laun 1. stýrimanns, eins og hann hefur krafist.

Hér áður hefur verið rakið efni framlagðrar yfirlýsingar Stýrimannafélags Íslands, þar sem gerð er grein fyrir ástæðum þess að sóknaraðili telur sig eiga tilkall til launa 1. stýrimanns í uppsagnarfresti fyrir febrúarmánuð 1986. Leggja verður hér til grundvallar að sóknaraðili hafi verið ráðinn til að gegna stöðu 2. stýrimanns við störf sín hjá hinu gjaldþrota félagi, þótt hann hafi tímabundið leyst af yfirmann sinn í orlofi eða forföllum. Af áður nefndri yfirlýsingu verður ekki ráðið að slíkar afleysingar sóknaraðila hafi verið samningsbundnar eða reglulegar, og hafa engin gögr. verið lögð fram af hans hendi því til stuðnings. Verður heldur ekki séð að ákvæði kjarasamnings Stýrimannafélags Íslands um biðkaup verði skýrð á annan veg en þann að félagsmaður á slíku kaupum fái aðeins greiðslur í samræmi við þá stöðu sem hann hefur verið ráðinn til. Af þessum ástæðum verður að ákvarða sóknaraðila biðkaup samkvæmt launakjörum 2. stýrimanns á uppsagnarfrestinum.

Samkvæmt áður greindum niðurstöðum verður biðkaup sóknaraðila í uppsagnarfresti því ákvarðað með eftirfarandi hætti:

Dagvinnulaun fyrir tímabilið 1. janúar til

6. mars 1986, samtals fyrir 47 daga á

kr. 1.625,92:

kr. 76.418,24

Orlofsfé, 11,59% af ofangreindu:

kr. 8.856,86

Samtals: kr. 85.275,10

Um þann þátt biðkaups sem sóknaraðili telst samkvæmt þessu eiga tilkall til á uppsagnarfresti og stafar af fæðispeningum á umræddu tímabili er sérstaklega fjallað í næsta þætti hér á eftir.

### 3) Staða fæðispeninga í skuldaröð:

Ágreiningur er milli málsaðilja um það hvort fæðispeningar verði taldir til forgangskrafna við úthlutun úr þrotabúi Hafskips hf. á grundvelli 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878. Ágreiningur þessi varðar annars vegar fæðispeninga sem sóknaraðili hefur öðlast rétt til á uppsagnarfresti sem þátt í biðlaunum, en varnaraðili hefur viðurkennt að sóknaraðila beri fæðispeningar á því tímabili vegna samtals 65 daga á kr. 212,70 hvern, eða alls kr. 13.825,50. Hins vegar er um að ræða eldri inneign sóknaraðila vegna fæðispeninga, að fjárhæð kr. 6.593,00.

Ekki kemur fram í gögnum málsins frá hverjum tíma inneign sóknaraðila vegna ógreiddra fæðispeninga utan uppsagnarfrests stafar, en eins og málið liggur fyrir þykir verða að byggja á því að inneign þessi sé komin til á síðustu 18 mánuðum fyrir töku bús Hafskips hf. til gjaldþrotaskipta.

Svo sem fram hefur komið hér á undan er við úrlausn málsins byggt á því að skýra verði 1. mgr. 25. gr. laga nr. 35/1985 á þann veg að með

hugtakinu „kaup“ í ákvæðinu sé átt við laun, og að þau laun svari til „biðkaups“ samkvæmt kafla 7.1. í kjarasamningi Stýrimannafélags Íslands. Forgangsréttur launa sóknaraðila í uppsagnarfresti byggist því á fyrirælum 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878, en ekki 2. tl. sama ákvæðis, sem fjallar um forgangsrétt fyrir bótum vegna slita ráðningarsamnings. Í ívitnuðu ákvæði kjarasamnings er komist svo að orði að launþegi skuli undir þeim kringumstæðum sem ákvæðið tekur til „halda launum ... og fæðispeningum“. Er þannig greinarmunur gerður á launum annars vegar og fæðispeningum hins vegar, og verður því ekki talið að fæðispeningar njóti sjálfkrafa jafnrar stöðu við laun í skuldaröð. Af þeim ástæðum þykir verða að líta svo á að forgangsréttur fyrir fæðispeningum sóknaraðila sé háður því hvort þeir teljist „annað endurgjald fyrir vinnu“ í skilningi 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878, og á það jafnt við um fæðispeninga á uppsagnarfresti sem eldri inneign sóknaraðila.

Um fæðispeninga er svofellt ákvæði í grein 9.1.1. í framlögðum kjarasamningi Stýrimannafélags Íslands:

„Fæðispeningar skulu vera Kr. 63.97 á dag, þegar greiða skal fæði í heimahöfn skipa og endurskoðist tvisvar á ári, 1. maí og 1. nóvember ef vísitala matvöru hefur hækkað um 2% eða meira frá því síðasta endurskoðun fór fram.“

Ekki er ágreiningur um það í máli þessu að fæðispeningar fyrir hvern dag hafi vegna verðlagsbreytinga verið orðnir sú fjárhæð á uppsagnarfresti sóknaraðila sem byggt er á í máli þessu.

Þótt ákvæði þess kjarasamnings sem ráðið hefur kjörum sóknaraðila séu nokkuð óljóst um það, undir hverjum kringumstæðum komið geti til greiðslu fæðispeninga, þykir verða að leggja þann skilning í málflutning af hálfu aðilja að tilkall til þeirra komi til á þeim tímabilum á ráðningartíma sem stýrimaður nýtur ekki endurgjaldslausrar fæðu um borð í skipum samkvæmt fyrirælum kafla 9.2. í kjarasamningnum. Verður því að telja að endurgjaldslost fæði hafi verið hluti ráðningarkjara sóknaraðila sem hann hefur ýmist fengið efndir á með aðgangi að máltíðum eða með peningagreiðslu í þess stað. Þykir því verða að fallast á það með sóknaraðila að fæðispeningar teljist til annars endurgjalds fyrir vinnu í skilningi 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878, og njóti því forgangsréttar við úthlutun úr búinu.

Samkvæmt þessu verður viðurkenndur forgangsréttur fyrir kröfum sóknaraðila um fæðispeninga að fjárhæð kr. 20.418,50.

#### 4) Skuldajafnaðarkröfur varnaraðila:

Ágreiningur er ekki um það í málinu að sóknaraðili hafi í aprílmánuði 1985 fest kaup á hlutafé í hinu gjaldþrota félagi fyrir kr. 30.000,00, og að kr. 18.750,00 hafi staðið ógreiddar af kaupverðinu eftir launaútborgun varnaraðila til sóknaraðila í byrjun janúar 1986. Af hálfu sóknaraðila hefur

Því ekki verið mótmælt að hann hafi staðið í skuld nefndrar fjárhæðar við varnaraðila og hefur því ekki verið haldið fram af hans hálfu að gildi þeirrar skuldbindingar hafi raskast vegna gjaldþrots Hafskips hf. eða af öðrum ástæðum. Varðandi höfuðstól skuldarinnar er því einungis ágreiningur um hvort varnaraðila hafi verið heimilt að taka sér greiðslu hans með skuldajöfnuði við viðurkenndar kröfur sóknaraðila um laun í uppsagnarfresti.

Í 1. mgr. 1. gr. laga um greiðslu verkkaups nr. 28/1930 er mælt svo fyrir að ekki megi greiða kaup með skuldajöfnuði, nema svo hafi áður verið sérstaklega um samið. Telja verður reglu þessa ákvæðis hafa gilt um vinnusamband sóknaraðila og hins gjaldþrota félags, þótt skipverja á farskipum sé ekki berum orðum getið í umræddu ákvæði við talningu þeirra, sem það tekur til.

Um tilvist samnings um skuldajöfnuð samkvæmt nefndu lagaákvæði hefur varnaraðili skírskotað til framlagðs ljósrits kvittunar Hafskips hf. til sóknaraðila, sem dagsett er 26. apríl 1985. Kvittun þessi ber með sér að hún hafi verið gefin vegna efnda ódagsetts hlutafjárloforðs sóknaraðila fyrir kr. 30.000,00, en í kvittuninni segir: „dragist af launum kr. 1250,- pr. mánuð í 24 mánuði“. Sóknaraðili hefur ekki áritað kvittun þessa um samþykki sitt. Af hálfu sóknaraðila hefur þeirri staðhæfingu varnaraðila hins vegar ekki verið mótmælt að greiðslur í samræmi við kvittun þessa hafi verið dregnar af öllum launaútborgunum til hans eftir útgáfu hennar og að það hafi gerst án athugasemda af hans hálfu. Verður ekki séð að þessi atvik geti stutt þær staðhæfingar sóknaraðila að samningur hafi ekki komist á um greiðslu skuldbindingar hans með launafrádrætti, enda verður að telja ósennilegt að annar samningsaðilja hafi getað tekið upp hjá sjálfum sér að ákveða slík greiðslukjör og framfylgja þeim án þess að nokkur mótmæli kæmu fram af hendi gagnaðila. Af þessum ástæðum þykir verða að leggja til grundvallar við úrlausn málsins að samningur hafi komist á milli sóknaraðila og hins gjaldþrota félags um að skuldajafna mætti greiðslum af skuld hans við vinnulaun. Sóknaraðila eru með úrskurði þessum ákvörðuð laun í uppsagnarfresti úr hendi varnaraðila, en ekki bætur vegna slita á ráðningarsamningi. Um slík laun þykir verða að beita reglum 1. mgr. 1. gr. laga nr. 28/1930 sem standa því ekki í vegi að þau verði greidd með samningsbundnum skuldajöfnuði.

Í máli þessu liggur fyrir að sóknaraðili hafi, líkt og nokkur fjöldi annarra starfsmanna hins gjaldþrota félags, tekið þátt í umræddu hlutafjárútboði í félaginu snemma árs 1985. Við efndir hlutafjárloforðs naut sóknaraðili með sama hætti og aðrir starfsmenn sérstakra ívilnana um greiðslur sem ekki voru í samræmi við samþykktu skilmála á hluthafafundi. Má ljóst vera að meginforsenda þessara ívilnana hafi verið störf sóknaraðila hjá félaginu

og það hagræði sem möguleiki til launafrádráttar veitti hinu gjaldþrota félagi til að tryggja efnidir kaupverðs hlutafjárins. Með slitum vinnusambands sóknaraðila og félagsins hafa hins vegar þessar forsendur greiðsluskilmála brostið. Verður þegar af þeirri ástæðu að telja varnaraðila hafa verið heimilt að eindaga eftirstöðvar skuldbindingar sóknaraðila, er sá fyrir enda vinnusambandsins. Ekki verður talið að uppsögn ráðningarsamnings sóknaraðila af hálfu hins gjaldþrota félags hafi þegar í stað orðið til þess að samningsbundin heimild til skuldajafnaðar afborgana af skuld sóknaraðila við vinnulaun hans hafi fallið niður, enda hefur sú uppsögn ekki raskað þeim skyldum beggja samningsaðilja að efna skilmála ráðningarsamningsins til loka uppsagnarfrests. Verður því að fallast á það með varnaraðila að honum hafi verið heimilt að greiða sóknaraðila hluta launa í uppsagnarfresti með skuldajöfnuði við eftirstöðvar höfuðstóls skuldar hans.

Eftir málatilbúnaði aðilja og fyrirliggjandi gögnum er ljóst að hið gjaldþrota félag áskildi sér ekki vexti úr hendi sóknaraðila af skuld hans vegna hlutafjárkaupa, þótt veitt hafi verið afborgunarkjör á kaupverðinu. Þótt slíkt vaxtaleyfi skuldarinnar kunni að stríða gegn grunnrökum 14. gr. laga nr. 32/1978, heimilar það ekki varnaraðila síðar að raska efni upphaflegs samnings um það atriði. Þegar af þeirri ástæðu verður að hafna því að umkrafðir vextir varnaraðila geti komið til skuldajafnaðar við viðurkenndar kröfur sóknaraðila.

Samkvæmt þessu verður það niðurstaðan um þennan þátt ágreinings málsaðilja að krafa varnaraðila á hendur sóknaraðila, að fjárhæð kr. 18.750,00, komi til lækkunar á kröfum sóknaraðila með skuldajöfnuði.

##### 5) Krafa sóknaraðila um þóknun fyrir ritun kröfulýsingar:

Af hálfu sóknaraðila hefur þess verið krafist að viðurkennt verði að krafa hans um þóknun fyrir ritun kröfulýsingar á hendur varnaraðila, að fjárhæð kr. 1.140,00, njóti forgangsréttar í skuldaröð samhliða kröfum hans að öðru leyti.

Um stöðu innheimtukostnaðar skuldareiganda í skuldaröð við skipti þrotabúa er ekki fjallað sérstaklega í 8. kapitula laga nr. 3/1878. Í 1. tl. 86. gr. laganna er hins vegar sett sú regla að vextir af kröfu, áfallnir eftir upphafsdag skipta, komi fyrst til greiðslu að fullgreiddum höfuðstól lýstra krafna og áður áföllnum vöxtum af þeim. Af lögskýringargögnum er ljóst að sú regla hefur verið sett til þess að jafnræðis gæti milli lánardrottna á þann hátt að úthlutun upp í kröfur við lok gjaldþrotaskipta reiknist af stöðu krafna við upphafsdag skipta, þannig að síðaráfallandi vextir hafi ekki áhrif á innbyrðis stöðu lánardrottna við úthlutun, nema eignir hrökkvi til greiðslu upp í eftirstæðar kröfur. Regla þessi girðir þannig fyrir að áhrifa gæti af hækkun krafna vegna vaxtaáfalls eftir upphafsdag skipta, sem eðli

málsins samkvæmt getur orðið mismikil hjá hverjum lánardrottni. Sömu rök og búa að baki þessari reglu standa sýnilega til að innheimtukostnaður af kröfum fylgi því aðeins höfuðstól þeirra í skuldaröð að því leyti sem hann hefur verið áfallinn við upphaf skipta, en síðaráfallinn kostnaður verði metinn sem eftirstæð krafa, sbr. 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878. Hefur því ákvæði og verið beitt í framkvæmd með lögjöfnun um innheimtukostnað, þannig að slíkur kostnaður, sem fyrst fellur til eftir upphafsdag gjaldþrotaskipta, telst til eftirstæðra krafna.

Í máli þessu er kröfulýsing sóknaraðila dagsett þann 26. febrúar 1986 og verður að líta svo á að þann dag hafi krafa um þóknun fyrir ritun hennar fyrst getað orðið til. Bú Hafskips hf. var hins vegar tekið til gjaldþrotaskipta þann 6. desember 1985. Með vísan til framangreindra raka ber að telja kröfu sóknaraðila um þóknun af þessu tilefni, að fjárhæð kr. 1.140,00, til eftirstæðra krafna við gjaldþrotaskipti á búi Hafskips hf. samkvæmt lögjöfnun frá 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878.

#### *Niðurstöður:*

Samkvæmt framangreindu verða forgangskröfur sóknaraðila á hendur varnaraðila viðurkenndar með eftirfarandi hætti:

Orlofsinneign frá fyrra ári:	kr. 4.257,00
Dagvinnulaun í uppsagnarfresti frá 1. janúar til 6. mars 1986:	kr. 76.418,24
11,59% orlofsfé af þeirri fjárhæð:	kr. 8.856,86
Fæðispeningar í uppsagnarfresti:	kr. 13.825,50
Vangoldnir eldri fæðispeningar:	kr. 6.593,00
	<hr/>
	kr. 109.950,60
Frá dregst viðurkennd gagnkrafta varnaraðila vegna eftirstöðva kaupverðs hlutafjár:	< kr. 18.750,00 >
	<hr/>
	kr. 91.200,60
Af þeirri fjárhæð hefur sóknaraðili þegar fengið greiddar:	< kr. 80.978,00 >
	<hr/>
Telst ógreidd forgangskrafta sóknaraðila því að fjárhæð	kr. 10.222,60

Eins og áður greinir er hafnað kröfu varnaraðila um að viðurkennd verði heimild hans til greiðslu hluta fjárhæðar þessarar með skuldajöfnuði á vöxtum af höfuðstól skuldar sóknaraðila við hann.

Í ljósi þessara niðurstaðna og með vísan til 178. gr. laga nr. 85/1936, þykir rétt að málskostnaður falli niður í máli þessu.

Markús Sigurbjörnsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Viðurkennd er vangreidd forgangskrafa sóknaraðila, Arnar Braga-sonar, á hendur varnaraðila, þrotabúi Hafskips hf., að fjárhæð kr. 10.222,60.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 25. mars 1988.

Nr. 88/1988. **Ákærvaldið**

gegn

**A**

Kærumál. Gæsluvarðhald. Krafa um sjúkrahúsvistun. Úrskurður úr gildi felldur og kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins vísað frá saka-dómi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 17. þ.m. er hingað barst 18. þ.m.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að fallist verði á þá kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins, að varnaraðili „verði vistuð á sjúkrahúsi allt til miðvikudagsins 1. júní 1988 kl. 17:00 en til vara að hinn kærði úrskurður verði staðfestur að niðurstöðu til“.

Varnaraðili krefst þess að hinn kærði gæsluvarðhaldsúrskurður verði felldur úr gildi en lýsir því jafnframt yfir, að hún hafi ekki uppi mótmæli við aðalkröfu um vistun sína á sjúkrahúsi.

Sakarefni er lýst í hinum kærða úrskurði.